

Auglýsing

106

frá skráritara vörumerkja í Reykjavík um skrásetningar þar, sem gjörðar hafa verið árið 1907.

Skrás. 1907 nr. 1. Tilkynt 25. septbr. 1907 kl. 12 á háð. af þakpappa-gjörðarmanni *Julius Sacharias* í *Horsens* í Danmörku og skrásett 26. s. m.

Lýsing á merkinu: Orðið **Herkules**.


Merkið á eingöngu að ná til tjörupakpappa, og á að nota það sem sjer-staklega uppfundið nafn fyrir þessa vörutegund.

Merkið er áður skrásett í Kaupmannahöfn 23. oktbr. 1901, samkv. tilkynningu dags. 17. septbr. s. á.

Skrás. 1907 nr. 2. Tilkent 26. oktbr. 1907 kl. 6 síðd. af *Det Danske Petroleums Aktieselskab*, verslun í *Kaupmannahöfn*, og skrásett 28. s. m.

Lýsing á merkinu: Rjetthyrndur einkunnarmiði með hvítri sól á grænum grunni, og ganga út frá henni hvítir geislar. Yfir sólunni stendar í boga: *Sólarskær*. Undir sólunni stendur í þremur línunum: *Standard White Petroleum, D. D. P. A.* og *Det Danske Petroleum A/S Reykjavík*. Letrið er hvítt. Milli tveggja síðustu línanna eru þrjár hvítar stjörnur. Meðfram röndum einkunnar-miðans er hvít lína.

Merkið er áður skrásett í Kaupmannahöfn 31. ágúst 1907, samkv. tilkynningu dags. 28. s. m., og nýtur verndar hjer á landi, talið frá þeim degi, er það var tilkynt til skrásetningar í Danmörku (sbr. 15. gr. laga 13. nóv. 1903 um vörumerki).



Skrás. 1907 nr. 1.
Herkules

Skrás. 1907 nr. 2.

Skrifstofu vörumerkjaskráritara í Reykjavík, 20. desbr. 1907.